

Fimmtudaginn 12. ágúst 1976.

Nr. 2/1976. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands**
 vegna **Skipstjóra- og stýrimannafélagsins**
Öldunnar, Reykjavík,
Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára,
Hafnarfirði,
Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi,
Vestmannaeyjum,
Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Hafþórs,
Akranesi,
Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis,
Siglufirði,
Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Vísis,
Keflavík, og
Skipstjórufélags Norðlendinga, Akureyri
 (Finnur Torfi Stefánsson hdl.)

gegn

Landssambandi íslenzkra útvegsmanna
 vegna **Útvegsmannafélags Reykjavíkur,**
Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar,
Útvegsmannafélags Hornafjarðar og
Djúpavogs,
Útvegsmannafélags Þorlákshafnar,
Útvegsmannafélags Suðurnesja,
Útvegsmannafélags Akraness,
Útvegsmannafélags Snæfellsness,
Útvegsmannafélags Norðurlands,
Útvegsmannafélags Austfjarða og
Útvegshændafélags Vestmannaeyja
 (Jónas Haraldsson hdl.)

Kjarasamningur. Ágreiningur um gildistíma.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 9. ágúst 1976, er höfðað með stefnu, sem gefin var út 15. júlí 1976.

Stefnandi málsins er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands

vegna Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, Reykjavík, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára, Hafnarfirði, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi, Vestmannaeyjum, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Hafþórs, Akranesi, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis, Siglufirði, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Visis, Keflavík og Skipstjórufélags Norðlendinga, Akureyri.

Stefndi er Landsamband íslenzkra útvegsmanna vegna Útvegsmanafélags Reykjavíkur, Útvegsmanafélags Hafnarfjarðar, Útvegsmanafélags Hornafjarðar og Djúpavogs, Útvegsmanafélags Þorlákshafnar, Útvegsmanafélags Suðurnesja, Útvegsmanafélags Akraness, Útvegsmanafélags Snæfellsness, Útvegsmanafélags Norðurlands, (áður Útvegsmanafélags Eyjafjarðar og nágrennis), Útvegsmanafélags Austfjarða og Útvegsbændafélags Vestmannaeyja.

Kröfur stefnanda eru þessar:

Aðallega: Að viðurkennt verði með dómi að kjarasamningur sá, sem aðiljar máls þessa gerðu með sér og undirrituðu þann 9. marz 1974, ásamt viðbótarsamningi dagsettum 30. apríl 1975, sé í gildi sem kjarasamningur milli aðilja og eftir honum skuli farið í skiptum þeirra.

Til vara: Að dæmt verði, að enginn kjarasamningur hafi verið í gildi milli aðilja frá og með 1. marz 1976.

Þá krefst stefnandi málskostnaður að skaðlausu.

Kröfur stefnda eru þessar:

1. *Aðallega:*

Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og þá jafnframt dæmt, að kjarasamningur sá, sem aðiljar máls þessa gerðu með sér og undirrituðu hinn 1. marz 1976, ásamt viðbótarsamningi þessara aðilja við þann samning, er undirritaður var án fyrirvara hinn 14. maí s.l., sé í gildi og bindandi sem kjarasamningur milli aðilja og eftir honum skuli farið í skiptum þeirra.

2. *Til vara:*

Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og þá jafnframt dæmt, að sá hluti kjarasamnings þess, sem aðiljar máls þessa gerðu með sér og undirrituðu hinn 1. marz 1976, er gerður var vegna svonefndrar „sjóðakerfisbreytingar“, þ.e.a.s. 1.—9. gr., 14. gr. vertíðarsamnings og 1. gr. 1. málslíður og 3. gr. síld- og loðnuveiðisamnings, ásamt viðbótarsamningi þessara aðilja við þann samning, er undirritaður var án fyrirvara hinn 14. maí s.l.,

sé í gildi og bindandi sem kjarasamningur milli aðilja og eftir honum skuli farið í skiptum þeirra.

3. Til þrautavara:

Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og þá jafnframt dæmt, að kjarasamningur sá, sem aðiljar máls þessa gerðu með sér og undirrituðu hinn 1. marz 1976, ásamt viðbótarsamningi þessara aðilja við þann samning, er undirritaður var án fyrirvara hinn 14. maí s.l., sé í gildi og bindandi sem kjarasamningur milli aðilja sem grunnsamningur, þó þannig, að stefnandi hafi rétt á að gera kröfu um viðbætur við hann.

4. Þá er málskostnaðar krafizt að skaðlausu, hvort heldur málið verði flutt fyrir Félagsdómi eða hafið af hálfu stefnanda.

Málavextir eru þeir, að 9. marz 1974 gerðu aðilja máls þessa með sér þrjá samninga um kaup og kjör skipstjórnarmanna innan þeirra félaga, sem eru aðiljar að Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands: Vertíðarsamning, síld- og loðnuveiðisamning og flutningasamning. Skyldu samningar þessir gilda frá 1. janúar 1974 til 15. maí 1976 að öðru leyti en því, að kauptrygging og aðrir kaupliðir giltu frá 1. marz 1974.

Þann 30. ágúst 1974 ákvað Seðlabanki Íslands að höfðu samráði við ríkisstjórnina 17% lækkun á markaðsgengi íslenzkrar krónu gagnvart Bandaríkjadal. Tilkynnti þá stefnandi máls þessa, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands með bréfi dags. 30. október 1974 fyrir hönd þeirra félaga, sem eru sóknaraðiljar máls þessa stefnda, Landsambandi íslenzkra útvegsmanna, fyrir hönd þeirra félaga, sem eru varnaraðiljar máls þessa, að hann segði upp kjarasamningunum frá 9. marz 1974. Var vísað til ákvæða allra samninganna (33., 23. og 15. gr.) þess efnis, að yrði breyting á lögskráðu gengi íslenzku krónunnar, yrðu samningarnir uppsegjanlegir með eins mánaðar uppsagnarfresti. Samningunum skyldi sagt upp innan tveggja mánaða frá gengisbreytingu. Á fundi í stjórn stefnda, Landssambands íslenzkra útvegsmanna, 21. nóvember 1974 var samþykkt að taka þessa samningsuppsögn gilda, en álitamál þótti, hvort hún hefði borizt nægilega tímanlega.

Af hálfu stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, hefur því verið haldið fram, að aðiljar máls þessa hafi 30. apríl 1975 gert viðbótarsamning, sem falið hafi í sér breytingu á samningunum frá 9. marz 1974. Hafi þessi samningur verið borinn upp í áður nefnd-

um aðildarfélögum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og hlotið þar samþykki. Eftir þessum breytta samningi hafi síðan verið farið í skiptum aðilja máls þessa, þar til 1. marz 1976. Um þetta atriði hefur hins vegar verið lýst annari skoðun af hálfu stefnda, Landssambands íslenskra útvegsmanna, þess efnis, að viðbótarsamningur þessi hafi aldrei verið gerður, enda hafi stefnandi, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, ekki lagt fram neina kröfugerð né heldur tekið þátt í samningaviðræðum, er í hönd fóru við undirmenn eins og síðar greinir. Stefndi, Landssamband íslenskra útvegsmanna, hafi að vísu látið gera tillögu að samningi við aðildarfélög stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem miðuð hafi verið við tillögur að samningi við undirmenn á skipum. Þetta uppkast hafi hins vegar ekki verið afhent stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, um þessar mundir og sé því nokkur ráðgáta, hvernig unnt hafi verið að bera tillögurnar undir atkvæði í aðildarfélögum hans. Ennfremur hafi þessi samningur, sem fyrirsvarsmenn stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, haldi fram, að gerður hafi verið, aldrei verið undirritaður og því ekki verið formlega frá honum gengið. Enginn sérstakur kjarasamningur hafi því verið gerður við stefnanda, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, á þessum tíma, enda ekki krafizt. Á hinn bóginn hafi þau ákvæði, sem eru í samningsuppkastinu, verið lögð til grundvallar í viðskiptum aðilja, þannig að kjör félagsmanna í aðildarfélögum stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, hafi ákvarðast af þeim og hafi því félagsmennirnir notið hliðstæðra kjarabóta og félagsmenn innan vébanda Sjómannasambands Íslands, svo sem nánar verður greint frá hér á eftir.

Þann 9. október 1974 sagði Sjómannasamband Íslands fyrir hönd aðildarfélaga sinna upp samningi sínum við stefnda, Landssamband íslenskra útvegsmanna, á grundvelli samskonar ákvæðis og áður hefur verið vitnað til um breytingu á lögskráðu gengi íslenskrar krónu. Hófust samningaviðræður milli stefnda, Landssambands íslenskra útvegsmanna og Sjómannasambands Íslands 9. janúar 1975 en þá lagði Sjómannasambandið fram kröfugerð sína. Undirrituðu aðiljar kjarasamning 7. apríl 1975, en hann var felldur í atkvæðagreiðslu hjá Sjómannasambandi Íslands. Var þá gerður viðbótarsamningur, sem borinn var undir atkvæði ásamt fyrra samningi og þeir síðan samþykktir. Áttu samningar þessir að gilda frá 1. marz 1975. Sjómannas-

samband Íslands sagði þessum samningum upp 31. október 1975, þannig að þeir yrðu lausir 1. janúar 1976.

Við gerð kjarasamninganna í marzmánuði 1975 óskuðu bæði samtök sjómanna og útvegsmanna þess, að ríkisstjórnin hlutaðist til um, að skipuð yrði nefnd til að endurskoða gagnert gildandi lög og reglur um sjóði sjávarútvegsins. Skipaði sjávarútvegsráðherra nefndina vorið 1975 og var verkefni hennar að endurskoða lög og reglur um sjóði sjávarútvegsins, að skoða samhengi milli sjóðanna og skiptaverðs sjávarafra og þar með aflahlut áhafnar, ennfremur að gera grein fyrir hugsanlegum samræmdum breytingum á starfsemi sjóðanna og gildandi hlutaskiptareglum.

Nefndin skilaði ýtarlegri skýrslu 19. janúar 1976 og lagði þar fram tillögur sínar um breytingu á skipan þeirra mála, sem henni var falið að kanna.

Hófust síðan samningaviðræður milli stefnda, Landssambands íslenzkra útvegsmanna annars vegar og stefnanda Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, svo og Sjómannasambands Íslands í janúarmánuði 1976. Voru tillögur sjóðanefndar lagðar til grundvallar í þeim samningaviðræðum, en að auki var rætt um önnur atriði, er lutu að kaupum og kjörum. Komust samningsaðiljar fljótt að þeirri niðurstöðu, að til þess að breytingar yrðu gerðar á sjóðakerfi sjávarútvegsins yrði að breyta lögum og reglum um þessa sjóði.

Þann 29. janúar 1976 var svoljóðandi tillaga samþykkt í ríkisstjórninni:

„Ríkisstjórnin samþykkir að beita sér fyrir setningu laga og reglugerða, sem í öllum meginatriðum fylgi tillögum þeim og ábendingum, sem settar eru fram í 7. og 9. kafla í skýrslu tillögunefndar um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti frá 19. janúar 1976. Ákvörðun þessi er á því reist, að samkomulag náist milli samtaka sjómanna og útvegsmanna um breytingar á kjarasamningum í tengslum við þessar laga- breytingar og jafnframt að samkomulag þetta nái jafnt til þeirra félaga sjómanna og útvegsmanna, sem hafa bundna samninga, sem þeirra, er nú hafa lausa samninga.“

Sendi sjávarútvegsráðherra formanni tillögunefndar um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti (sjóðanefnd) samþykkt þessa í bréfi dags. sama dag.

Á grundvelli þessarar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar gerðu samningsaðiljar með sér samkomulag 8. febrúar 1976 svohljóðandi:

„1. Þar sem ríkisstjórnin hefur lýst yfir, að hún muni beita sér fyrir setningu laga og reglugerða í samræmi við tillögur og ábendingar tillögunefndar um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti, lýsa aðiljar því yfir, að þeir muni gera þá samninga sín á milli, sem nú eru lausir, um kjör sjómanna á grundvelli tillagna og ábendinga, sem fram koma í skýrslu nefndarinnar, dags. 19. janúar 1976.

2. Aðiljar lýsa því enn fremur yfir, að þeir muni beita sér fyrir því, að heimildir verði veittar til þess að taka þegar upp samninga á þessum grundvelli um breytingar á þeim kjarasamningum aðilja, sem ekki hefir verið sagt upp, með sama hætti og væru þeir lausir.

3. Aðiljar þessa samkomulags gera ráð fyrir, að ríkisstjórnin láti fara fram sérstaka athugun á kjörum áhafna og afkomu útgerðar á stærri togurum (þ.e. 500 brl. og yfir) við þessar breytingar. Athugun þessi verði gerð í samráði við samtök sjómanna og útvegsmanna og fulltrúa þeirra byggðarlaga, sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta, með það fyrir augum, að tryggja atvinnu sjómanna og rekstur sjávarútvegsfyrirtækja á þessum stöðum, sbr. og bréf sjávarútvegsráðuneytisins til Félags íslenskra botnvörpuskipa eigenda dags. 3. júlí 1975.“

Þegar þessi yfirlýsing lá fyrir, lagði ríkisstjórnin fram á Alþingi frumvörp til breytinga á lögum um sjóðakerfi sjávarútvegsins í samræmi við tillögur sjóðanefndar og voru frumvörp þessi samþykkt á Alþingi 12. febrúar 1976, sbr. lög nr. 4/1976 um stofnfjár sjóð fiskiskipa, l. nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og lög nr. 6/1976 um gjald af gas og brennsluolíu, og 16. marz 1976, sbr. lög nr. 17/1976 um greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa.

Sjávarútvegsráðherra sagði, er hann fylgdi frumvörpum þessum úr hláði í neðri deild Alþingis:

„Ég vænti þess, að hv. sjútn. haldi fljótt fund um málið og afgreiði það og helzt sameiginlegan fund með sjútn. hv. Ed. En ég tek það fram, að það er forsenda þessa máls að samingar náist á milli aðilja vinnumarkaðarins um þessa róttæku breytingu, því að náist þeir ekki, þá er auðvitað með samþykkt þessa frv. séð að útgerðin heldur ekki áfram. Þess vegna er það forsenda þess, að þessi breyting verði gerð, að aðiljar vinnumarkaðarins nái samkomulagi. En það er hvergi með flutningi þessa frv. gripið inn í þá samninga, enda er það mál, sem þessir aðiljar eiga að koma sér saman um. Ég vona það, þótt

nú séu uppi nokkuð skiptar skoðanir og þá einkum meðal aðildarfélaganna sjómanna um hvaða leiðir eigi að fara í þessum efnum, þá náist samkomulag þó að nú sé orðið skammt til stefnu. En þrátt fyrir það tel ég að Alþ. eigi og þurfi að hraða þessu máli. Þetta er mjög merkt og mikilvægt samkomulagsmál á milli sjómanna og útvegsmanna. Það eru gerðar hér veigamiklar breytingar, sem mikið hefur verið talað um, og það er vilji þessara aðilja að gera þessar breytingar. Þá finnst mér auðvitað að Alþ. geti ekki annað en stutt að því að þær breytingar nái fram að ganga.“

Kjarasamningar voru komnir á lokastig 28. febrúar 1976 er aðiljar undirrituðu svohljóðandi yfirlýsingu:

„Aðiljar lýsa því hér með yfir, að þeir eru samþykkir framlögðum drögum að kjarasamningum aðilja. Samningarnir verða undirritaðir, þegar ákvörðun um fiskverð frá 15. febrúar 1976 liggur fyrir í samræmi við forsendur samningsdraganna.“

Fiskverð var síðan ákveðið aðfaranótt 1. marz 1976 og kjarasamningar aðilja þessa máls undirritaðir þann dag. Voru samningarnir þrír eins og hinir eldri: Vertíðarsamningur, síld- og loðnuveiðisamningur og flutningasamningur. Báðir aðiljar undirrituðu samningana með fyrirvara; fyrirsvarsmenn Landssambands íslenskra útvegsmanna um samþykki einstakra félaga, stjórnar landssambandsins og stjórnar Vinnuveitendasambands Íslands, en fulltrúar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands með fyrirvara um samþykki stjórnar sambandsins.

Pennan sama dag gerðu samningsnefndarmenn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands með sér samkomulag að höfðu samráði við félagsstjórnir aðildarfélaganna um að hinir nýgerðu samningar skyldu bornir undir allsherjaratkvæðagreiðslu í félögunum og atkvæði allra félagsmanna talin sameiginlega. Stóð atkvæðagreiðsla til 16. marz 1976 en þá voru atkvæði talin hjá Sáttasemjara ríkisins. Urðu úrslit þau, að 136 vildu samþykkja samningana, en 198 greiddu atkvæði gegn þeim, 1 seðill var ógildur. Voru samningarnir þannig felldir og kom því ekki til þess, að stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands samþykkti þá, svo sem fyrirvari áskildi.

Sama daga höfðu verið undirritaðir samningar milli Landssambands íslenskra útvegsmanna og Sjómannasambands Íslands en þeir voru síðan bornir upp í hverju félagi Sjómannasambandsins um sig og

felldir í mörgum félögum. Hins vegar voru þeir samþykktir í aðildarfélögum sjómannasambandsins á Akranesi, í Grindavík, Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn og á Skagaströnd.

Þegar þessi úrslit lágu fyrir, hófust samningaviðræður að nýju. Sjómannasamband Íslands lagði fram skriflegar kröfur, en Farmanna- og fiskimannasamband Íslands lagði ekki fram skriflega kröfugerð. Meðan þessu fór fram eða 14. maí 1976 undirrituðu aðiljar máls þessa, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Landssamband íslenzkra útvegsmanna, viðbótarsamning við samninginn, sem undirritaður hafði verið 1. marz 1976 en felldur í áðurnefndri atkvæðagreiðslu og var viðbótarsamningurinn undirritaður af beggja hálfu án nokkurs fyrirvara.

Um síðir voru undirritaðir samningar við undirmenn á skipum og stendur nú yfir allsherjaratkvæðagreiðsla um þá, en við yfirmenn, félagi í Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, hafa enn engir samningar tekizt.

Þrátt fyrir þetta fóru skip á sjó þegar eftir 1. marz 1974 og er ekki ágreiningur um það, að frá þeim degi hefur kaup verið greitt eftir þeim samningum, sem undirritaðir voru 1. marz 1976 og 14. maí sama ár.

Rök stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands:

Eins og þegar hefur verið rakið hefur því verð haldið fram af hálfu stefnanda, að samningurinn frá 9. marz 1974 sé einn gildur um kaup og kjör skipstjórnarmanna, enda hafi hann verið gerður með löglegum hætti, þar á meðal hafi báðir aðiljar samþykkt hann og hann verið lagður til grundvallar í skiptum aðilja þar til 1. marz 1976. Að vísu hafi samningi þessum verið sagt upp 30. október 1974, en viðbótarsamningur hafi síðan verið gerður eins og fyrr er rakið og hann samþykktur í aðildarfélögum stefnanda. Á dskj. nr. 37, sé bréf frá Skipstjórafélagi Norðlendinga, þar sem tilkynnt sé um atkvæðagreiðslu um viðbótarsamning þennan á fundi í félaginu 11. maí 1976. Í öðrum félögum hafi hins vegar verið tilkynnt um úrslit atkvæðagreiðslu í síma. Þannig hafi tekizt nýir samningar með aðiljum í framhaldi af uppsögninni 30. október 1974. Samkvæmt ákvæðum hins nýja samnings skyldi hann gilda frá 1. marz 1975 til 15. september 1975, og vera uppsegjanlegur með mánaðar fyrirvara. Ef honum yrði ekki sagt upp framlengdist hann til 1. júní 1976 með sama uppsagnarfresti. Þá hafi samningnum ekki verið sagt upp og hann því framlengzt til þess tíma. Ekki hefði honum heldur verið sagt upp þá og því hefði

hann framlengzt um 1 ár í viðbót, eða til 1. júní 1977, sbr. 6. gr. l. nr. 80/1938. Þessi samningur hefði að öllu leyti verið löglega gerður og undirritaður af samningsaðiljum, þótt ekki hefði tekizt að hafa upp á undirrituðu eintaki. En jafnvel þótt undirritun samningsins kynni að hafa farizt fyrir breyti það engu um gildi hans.

Enda þótt samningsaðiljar báðir hafi samþykkt að beita sér fyrir endurskoðun kjarasamninga á grundvelli tillagna sjóðanefndar, svo sem áður er lýst, breyti það engu um gildi þess samnings sem fyrir sé, enda standi hann óhaggaður þar til nýr samningur taki gildi. Viðræður þær, sem fyrirsvarsmenn stefnanda hafi tekið þátt í, hafi ekki falið í sér neinskonar uppsögn á samningnum, né heldur neina skuldbindingu um að gera nýja samninga á hverju sem ylti. Ef samkomulag hefði tekizt um nýjan samning væri að sjálfsögðu hinn eldri fallin úr gildi. Samningurinn hefði hins vegar verið undirritaður 1. marz 1976 með þeim fyrirvara, að stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands samþykkti, en hún hafi ekki viljað veita slíkt samþykki nema að undangenginni allsherjaratkvæðagreiðslu í aðildarfélögunum eins og áður sé lýst. Sú atkvæðagreiðsla hafi farið fram en samningar verið felldir og því ekki hlotið samþykki stjórnar stefnanda svo sem áskilið hafi verið. Þessi afstaða stjórnarinnar hafi legið fyrir að lokinni talningu atkvæða 16. marz 1976 án þess þó að hún væri bréflega tilkynnt gagnaðilja eða skjalfest á annan hátt. Skipti það ekki máli, því að óvæfengjanlegt sé, að stefnda hafi verið kunnugt um þessa afstöðu stjórnar stefnanda. Á þetta hafi verið lögð aukin áherzla með því að krefjast áframhaldandi viðræðna, þar sem bornar hafi verið fram nýjar kröfur. Samkvæmt þessu gildi gömlu samningarnir frá 9. október 1974 með þeim breytingum, sem gerðar hafi verið 30. apríl 1975.

Ekki verði talið, að kjarasamningarnir frá 9. marz 1974, sbr. breytingar frá 30. apríl 1975, séu fallnir út gildi sakir þess, að forsendur hafi brostið um leið og sjóðakerfinu var breytt og nýtt fiskverð ákveðið. Aðiljar kjarasamnings verði ávallt að taka á sig nokkra áhættu að aðstæður breytist á samningstímabilinu og það kunni að leiða til óhagstæðari niðurstöðu en gert hafi verið ráð fyrir við gerð samnings. Geti slíkar breytingar verið margvíslegar, meðal annars séu flestar ráðstafanir stjórnvalda í efnahagsmálum til þess fallnar að einhverju leyti að hafa áhrif á þau mál, sem aðiljar vinnumarkaðarins hafi leitazt við að skipa með kjarasamningum. Sé því vafasamt að láta lagasetningu af því tagi, sem sjóðakerfisbreytinguna, valda því að kjarasamningurinn

falli úr gildi, enda lúti sú lagasetning ekki beint að kjarasamningum. Þaðan af síður komi til álita, að ákvörðun nýs fiskverðs geti haft þessi áhrif, enda hafi sú ákvörðun fremur verið afleiðing kjarasamningsins frá 1. marz 1976 en orsök hans. Hér megi og minna á, að í öllum samningunum sé getið um forsendur, sem valdið geti uppsögn á samningi án þess að samningstími sé útrunninn en þessar forsendur séu gengisbreyting eða ófriður í Vestur-Evrópu. Virðist þær tæmandi taldar og frá þeim sé því heimilt að gagnálykta á þann veg að aðrar komi ekki til álita.

Því fari fjarri, að ógerlegt sé að fara eftir samningunum frá 9. marz 1974 með þeirri breytingu sem á þeim voru gerðar 30. apríl 1975, þótt breyting hafi verið gerð á sjóðum sjávarútvegsins og nýtt fiskverð verið reiknað út í samræmi við þá breytingu. Ef til vill þurfi að ákveða nýtt fiskverð, en það sé engin frágangssök.

Loks var því haldið fram af hálfu stefnanda, að Félagsdómur hefði ekki heimild til að dæma kjarasamning, sem aðili hefði felld í atkvæðagreiðslu gildan og bindandi.

Ef þessar röksemdir teljist ekki nægja til þess að taka aðalkröfuna til greina hljóti þær að minnsta kosti að leiða til þess, að telja verði að enginn samningur sé í gildi milli aðilja og beri því að taka varakröfuna til greina.

Rök stefnda, Landssambands íslenzkra útvegsmanna:

Til stuðnings aðalkröfu sinni hefur stefndi haldið því fram, að samningarnir frá 9. marz 1974 séu ekki lengur í gildi, þar sem þeim hafi verið sagt upp 30. október sama ár. Einsog áður sé rakið hafi enginn viðbótarsamningur verið gerður, sem breytt hafi samningunum frá 9. marz, og megi það gleggst marka af því, að slíkur viðbótarsamningur hafi aldrei verið undirritaður. Hins vegar hafi tillögur stefnda um nýjan samning til breytinga á hinum eldri í reynd verið lagðar til grundvallar í skiptum aðilja, en þær hafi verið gerðar með hliðsjón af breytingum, sem gerðar hefðu verið á samningum við undirmenn á skipum. Aðiljar hafi svo gert með sér nýja kjarasamninga 1. marz 1976 er gilda skyldu frá 15. febrúar sama ár og eftir þessum samningum ásamt viðbótarsamningi frá 14. maí s.á. hafi nú verið farið í nálega 6 mánuði án nokkurra andmæla stefnanda eða félagsmanna hans.

Í annan stað hefði stefnandi lýst sig samþykkan því að sjóðakerfi sjávarútvegsins yrði endurskoðað og samvinnunefnd sjómanna, sem svo er kölluð jafnvel beitt sér fyrir að flotanum hafi verið siglt heim

á sínum tíma til þess að knýja á um að sjóðanefnd lyki störfum. Í samræmi við þessa afstöðu hafi stefnandi undirritað samkomulagið 8. febrúar 1976, sem áður hefur verið rakið, þess efnis að hann myndi gera samninga við stefnda á grundvelli tillagna og ábendinga sjóðanefndar, þar sem ríkisstjórnin hefði lýst því yfir að hún myndi beita sér fyrir setningu laga og reglugerða í samræmi við tillögur nefndarinnar. Hefði stefnandi verið fullkunnugt um, að forsenda ríkisstjórnarinnar fyrir slíkri lagasetningu væri, að samkomulag í samræmi við breytingar á kjarasamningum milli samningsaðilja í samræmi við sjóðakerfisbreytinguna.

Þá hefði stefnandi bundið undirritun sína því skilyrði, að nýtt fiskverð yrði ákveðið í samræmi við sjóðakerfisbreytinguna, sbr. yfirlýsinguna dags. 28. febrúar 1976. Forsenda þeirrar fiskverðsákvörðunar hafi verið, að aðiljar samþykktu nýgerðan kjarasamning með nýjum og lægri skiptaprósentutölum. Forsendur allra þessara breytinga hafi verið að samkomulag næðist milli sjómanna og útgerðarmanna um kaup og kjör. Hefði stefnandi mátt vera það ljóst, að með undirritun kjarasamninganna 1. marz 1976 hefði hann verið bundinn þeim og breytingum þeim, sem gerðar hefðu verið. Þegar þessar yfirlýsingar hafi verið í bígerð hafi stefnandi raunar gefizt síðasta tækifærið til að lýsa því yfir að hann vildi ekki una sjóðakerfisbreytingunum, en þetta hefði hann ekki gert og því væri hann skuldbundinn til að semja, svo sem að framan hefði verið rakið.

Við þetta bætist svo það, að 14. maí 1976 hefði stefnandi undirritað viðbótarsamning við rammasamningana frá 1. marz 1976 án fyrirvara, en sá samningur hefði verið gerður til fyllingar rammasamningunum vegna tveggja atriða sem ekki hefði verið gengið frá að fullu. Sé af þessu ljóst, að stefnandi hafi sætt sig við samningana í reynd, enda þótt þessir rammasamningar hafi ekki hlotið samþykki í félögum stefnanda við atkvæðagreiðslu.

Frá 1. marz 1976 hafi svo kaup og kjör félagsmanna stefnanda farið eftir þessum samningi, eða í u.þ.b. 6 mánuði, án þess að stefnandi eða nokkur félagsmanna hans hafi mótmælt né heldur gert neinn fyrirvara við móttöku greiðslna.

Þá hafi stefnandi sent fulltrúa á þá samningafundi sem haldnir hafi verið síðan, en þeir hafi engar kröfur gert né heldur haft afskipti af viðræðum stefnda, Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Sjómannasambands Íslands eftir að viðbótarsamningurinn hafi verið

undirritaður 14. maí sl. og þannig verið endanlega gengið frá ramma-samningunum. Ef stefnandi hefði í raun og veru einhverjar óskir um aðra samninga eða frekari viðbætur við rammamningana frá 1. marz 1976 hefði mátt ætla að slíkum kröfum yrði hreyft á því tímabili sem liðið hafi frá því að þeir voru felldir.

Þá er á það bent af hálfu stefnda, að sum aðildarfélög Sjómannasambands Íslands hafi nú samþykkt samningana við atkvæðagreiðslu. Sé því ljóst að við sjóðakerfisbreytingunni verði héðan af ekki hróflað. Útilokað sé og óframkvæmanlegt, að sumir kjarasamningar séu á grundvelli hinna nýju sjóðakerfisbreytingar en aðrir ekki. Aldrei geti nema eitt og sama fiskverð verið í gildi á sama tíma; allt annað sé óframkvæmanlegt og sama eigi við um skiptaprósuntuna. Ef kröfur stefnanda næðu fram að ganga, fæli það í sér, að útgerð legðist niður í landinu um ófyrirsjáanlegan tíma, þar sem hún yrði ekki rekin með tvenns konar sjóðakerfi, tvenns konar fiskverði og tvenns konar skiptaprósentu. Jafnframt sé ókleift að hverfa aftur til gamla sjóðakerfisins enda þyrfti þá að bakfæra allar greiðslur en það verði að teljast útilokað.

Þá megi benda á, að félagar stefnanda yrðu fyrir verulegri kjaraskerðingu ef kröfur hans yrðu teknar til greina, þar sem þeir glötuðu þá öllum kjarabótum er þeir hefðu fengið 1975 og síðar. Óhjákvæmilegt yrði fyrir útvegsmann að endurkrefja skipverja sína um þær umframgreiðslur, er þeim hefði verið greitt á þessum tíma, enda hefði það verið gert í trausti þess að aðilar væru bundnir við síðustu samninga. Verði því ekki séð, hvaða hag stefnandi telji sig hafa af því að fá dóm um það, að samningarnir frá 9. marz 1974 skuli gilda enn í dag, þar sem hann hafi viðurkennt, að nýja fiskverðið geti ekki gilt, ef krafa hans nái fram að ganga. Þurfi þá að ákveða nýtt fiskverð en það sé ekki unnt eins og þegar hafi verið rakið.

Ekki sé gerlegt að taka til greina varakröfu stefnanda um það að enginn kjarasamningur sé í gildi. Það verði að teljast útilokað, að enginn samningur sé í gildi meðan unnið sé eftir tilteknum samningi. Til þess að fella alla samninga úr gildi verði að efna til vinnustöðvunar. Annað hvort gildi því samningurinn frá 9. marz 1974 eða 1. marz 1976. Meðan unnið sér eftir samningi verði að fara eftir ákvæðum hans enda þótt samningstími sé liðinn eða samningum hafi verið sagt upp, unz annar hafi tekið gildi eða verkfall boðað. Það megi jafna til uppsagnar samnings, að hann sé felldur við atkvæðagreiðslu.

Til stuðnings varakröfunni hefur af hálfu stefnda verið á það bent, að enginn vafi geti leikið á því, að stefnandi hafi þegar skuldbundið sig til að hlíta þeim hluta samningsins, er sé á grundvelli sjóðakerfisbreytingarinnar, enda forsendur og aðdragandi þess hluta samningsins allt aðrar en annarra atriða hans. Verði því að dæma þennan hluta samningsins gildan milli aðilja, jafnvel þótti ekki yrði fallizt á aðalkröfuna um að stefnandinn sé bundinn við öll ákvæði samninganna frá 1. marz 1976. Rök þau, sem áður hafi verið borin fram hljóti að minnsta kosti að leiða til þessarar niðurstöðu.

Til stuðnings þrautavarakröfu sinni hefur stefnandi haldið því fram, að það hafi tíðkazt í þeim tilvikum þegar samningur hafi verið felldur við atkvæðagreiðslu en verkfall ekki boðað að farið væri eftir hinum nýja og fellda samningi. Þær viðbætur sem síðan hafi verið gerðar við hann hafi verið felldar inn í hann og hann þannig borinn upp til samþykktar og síðan framfylgt með hinum nýju viðaukum. Verkfall eða verkþann verði til að koma ef kjarasamningur, sem ekki hefur hlotið samþykki í atkvæðagreiðslu eigi að falla úr gildi. Að öðrum kosti hljóti hann að gilda milli aðilja og vera bindandi sem grunn-samningur enda þótt í því tilviki sem hér um ræðir hafi stefnandi rétt til að krefjast viðbóta við hann.

Álit dómsins.

Stefnandi, Farmanna- og Fiskimannasamband Íslands, sagði þann 30. október 1974 upp samningum þeim, sem aðiljar máls þessa höfðu undirritað 9. marz s.á. frá 1. desember 1974 að telja. Samþykkti stjórn stefnda, Landssambands íslenzkra útvegsmanna að taka þá uppsögn gilda á fundi 21. nóvember s.á.

Eins og áður er rakið hefur því verið haldið fram af hálfu stefnanda, að aðiljar máls þessa hafi gert nýjan kjarasamning 30. apríl 1975. Því hefur verið eindregið mótmælt af hálfu stefnda. Ekki hefur verið lagt fram neitt undirritað eintak af samningi þessum og verður að telja ósannað, að hann hafi verið gerður. Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verða samningarnir frá 9. marz 1974 ekki taldir gildandi kjarasamningar milli aðilja, og hefur ekki verið farið eftir þeim í skiptum þeirra frá 1. marz 1976. Aðalkrafa stefnanda verður því ekki tekin til greina.

Aðiljar máls þessa undirrituðu nýja kjarasamninga 1. marz s.l. en þeir voru felldir í allsherjaratkvæðagreiðslu innan félaga stefnanda, og ekki samþykktir af stjórn stefnanda, svo sem áskilið hafði verið við

undirskrift. Þegar af þeirri ástæðu öðluðust þeir því ekki gildi milli aðilja. Aðal- og varakrafa stefnda verður því ekki tekin til greina.

Um það er hins vegar ekki ágreiningur, að frá 1. marz 1976 hefur kaup verið greitt og önnur kjör félagsmanna stefnanda ákvarðast af samningum þeim, sem undirritaðir voru 1. marz 1976 og viðbótar-samningi sem aðiljar gerðu 14. maí s.á. Meðan þannig er unnið eftir þessum samningum, verður að leggja þá til grundvallar í skiptum aðilja um kaup og kjör eins og um sé að ræða kjarasamning, sem sagt hefur verið upp (lausan samning).

Samkvæmt þessu hefur enginn kjarasamningur verið formlega í gildi milli aðilja máls þessa frá og með 1. desember 1974. Þar sem varakrafa stefnanda er miðuð við 1. marz 1976, og ekki hafa verið settar fram aðrar kröfur er lengra ganga, verður við það tímamark miðað og krafa hans tekin til greina með þeim takmörkunum, sem að ofan greinir, sbr. og þrautavarakröfu stefnda.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Halldór Þorbjörnsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Guðmundur Vignir Jósefsson, Ragnar Ólafsson og Sigurður Línadal.

D ó m s o r ð:

Milli aðilja máls þessa hefur enginn kjarasamningur verið formlega í gildi frá og með 1. marz 1976.

Að öðru leyti fer um skipti aðilja samkvæmt því sem segir í niðurlagi forsendna dómsins.

Málskostnaður fellur niður.
